

Nefndarsvið Alþingis
Iðnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

TPH/hþ

19.03.2009


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum.

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur sent RARIK til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum.

RARIK hefur yfirfarið frumvarpið og tekur undir megintilgang þess, en gerir nokkrar athugasemdir við einstakar greinar.

Umsögn RARIK er meðfylgjandi

Virðingarfyllst,



Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri



Umsögn RARIK

Um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum.

Iðnaðarnefnd hefur sent RARIK til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum. RARIK hefur yfirfarið frumvarpið og tekur undir megintilgang þess, en gerir nokkrar athugasemdir við einstakar greinar.

1. Grein frumvarpsins

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. *Við 2. tölul. bætist: og yfirtöku starfandi einkaleyfisveitna á einkahitaveitum.*
- b. *Við bætist nýr töluliður sem orðast svo: Greiðslu styrkja vegna umhverfisvænnar orkuöflunar og/eða aðgerða sem leiða til bættrar orkunýtingar við húshitun.*

Aths. RARIK: Hér vantar nánari skilgreiningu í lagatextann hvað telst umhverfisvæn orkuöflun? Er hér t.d. opnað fyrir styrki til nýrra vatnsorkuvera? Eru það þá aðeins vatnsorkuver undir 7 MW eða einnig stærri? Er hér jafnvel átt við háspennulögn til notenda olíu til hitunar, í fjallaskála eða byggðar utan samveitu? Svo almennt orðalag sem hér er notað getur kallað á umsóknir um styrki sem ekki er gert ráð fyrir að lögin nái yfir.

2. Grein frumvarpsins

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. *Lokamálsliður 2. mgr. fellur brott.*
- b. *Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Niðurgreiðslur til notenda sem hljóta styrk vegna umhverfisvænnar orkuöflunar og/eða aðgerða sem leiða til bættrar orkunýtingar við húshitun skulu skerðast í samræmi við þau markmið um orkusparnað sem samið er um milli notanda og Orkustofnunar.*

Aths. RARIK: Vanda verður utanumhald og framkvæmd þessara hluta og ábyrgðin verður að vera hjá Orkustofnun (OS), en ekki hjá dreifiveitum. Ætla má að samningum sem þessum gæti þurft að þinglýsa sem kvöð á viðkomandi fasteign, þar sem ekki er um almenna reglu um niðurgreiðslur að ræða. Rétt er líka að minna á að raforka er einmæld mjög víða og notast við skiptihlutfall vegna mismunandi virðisaukaskatts á raforku, 85/15, sem mun sýnilega verða mjög breytilegt ef þetta verður að veruleika. Þessu mætti breyta með einu VSK þrepi á alla raforku, t.d. 7%.

Hér er einnig gerð athugasemd við hugtakið umhverfisvæn orkuöflun eins og fyrri athugasemd. Íslensk orka er almennt umhverfisvæn hvort sem nýtt er heitt vatn eða rafmagn framleitt í smávirkjunum. Einnig má nefna að margir notendur á köldum svæðum hita upp húsnæði sitt án niðurgreiðslna, t.d. atvinnuhúsnæði, en hafa ekki valið þann kost að nota varmadælu þrátt fyrir að það sé þekkt tækni.

4. Grein frumvarpsins

Á eftir 3. másl. 1. mgr. 12. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Styrkir á grundvelli 4. tölul. 11. gr. skulu jafngilda átta ára áætluðum niðurgreiðslum sem falla niður vegna orkusparnaðar sem tengist umhverfissvænni orkuöflun og/eða aðgerðum sem leiða til bættrar orkunýtingar við húshitun.

Aths. RARIK: Skýrt þyrfti að koma fram í lagatextanum að utanumhald verður hjá OS og heppilegast væri að allar breytinga frá hefðbundnum niðurgreiðsluaðferðum fari beint í gegn um OS.

5. Grein frumvarpsins

13. gr. laganna orðast svo:

Umsóknir um styrki skulu sendar Orkustofnun. Umsóknum skulu eftir atvikum fylgja upplýsingar um umsækjanda, fyrirhugaðar framkvæmdir, ráðstöfun styrks og önnur atriði sem máli skipta varðandi afgreiðslu styrkumsóknar. Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um styrkumsóknir.

Aths. RARIK: Lagt er til að 13. grein laganna haldi sér með þeirri viðbót sem lagt er til í frumvarpinu, en taki eingöngu til annarra styrkja en til hitaveitna. Viðbótin hljóði þá á þessa leið : *Umsóknir um aðra styrki skulu sendar Orkustofnun. Umsóknum skulu eftir atvikum fylgja upplýsingar um umsækjanda, fyrirhugaðar framkvæmdir, ráðstöfun styrks og önnur atriði sem máli skipta varðandi afgreiðslu styrkumsóknar. Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um styrkumsóknir.*

8. Grein frumvarpsins

Í stað hlutfallstölunnar „1%“ í 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: 3%.

Aths. RARIK: Ef ekki kemur til hækkun á þeim lið fjárlaga sem vísað er til, mun þessi breyting væntanlega valda hækkun á húshitunarkostnaði hjá notendum með niðurgreiðslur. Minna fé verður eftir til beinna niðurgreiðslna, þrátt fyrir að ekki sé gert ráð fyrir að það verði niðurstaðan á árinu 2009.